

Fundur 4. nóvember 2025  
Kl. 20:00 í Naustaskóla  
Mættir: Sigurveig, Rósa og Jóhanna.

Mál á dagskrá:

Farið yfir gömul gögn frá fyrri stjórnnum, ákveðið að farga öllu eldra en frá árinu 2018. Rósa athugar með löglega gagnaeyðingu hjá Terra. Sigurveig kannar hjá Bryndísi hvort skólinn hafi tættara sem væri hægt að nýta.

Póstur frá Freyvangsleikhúsi, kanna hvort þau bjóði upp á að koma með sýningu í skóla og fá þá tilboð í það.

237 kröfur sendar út, 110 greiddar í upphafi mánaðar sem gerir um 160þús krónur óráðstafaðar í sjóð.

Piparkökumálun 2. desember nk ef næg aðstoð fæst frá foreldrum/aðstandendum. Þarf amk 10-15 manns til aðstoðar. Ákveðið að hafa tímann frá kl. 17-19 og hafa hálf tíma sitthvoru megin til undirbúnings og frágangs.

Önnur mál.

Næsti skólaráðsfundur er áætlaður 10. nóvember.

Bylgja ákvað að hætta í stjórn vegna tímaskorts.

Næsti fundur verður ákveðinn á stjórnarspjalli.

Fundi slitið kl. 20:50